

Nr. 8.
4. desbr.

Bráðabirgðalög

um

útflutningsgjald af söltuðu sauðakjöti.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Ráðherra Vor fyrir Ísland hefur tjáð Oss, að það þyki nauðsynlegur þáttur í ráðstöfunum þeim, sem gjörðar hafa verið til skipulags verzluninni, að íslenska stjórnin kaupi lítið eitt af saltkjöti til þess að afhenda það öðrum fyrir lægra verð en annars sje fíánlegt. Til þess að bæta landssjóði halla af þessu, teljum Vjer brýna nauðsyn til útgáfu bráðabirgðalaga, samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915, um útflutningsgjald á saltkjöti.

Því bjóðum Vjer svo og skipum:

1. gr.

Auk útflutningsgjalds samkvæmt lögum nr. 16, 16. septbr. 1915, skulu af hverri tunnu saltaðs sauðakjöts (112 kíló), þar með taldar rullupýlsur, sem út úr landinu flytjast af þessa árs framleiðslu, greiddir landssjóði 75 aurar.

Um innheimtu gjaldsins, sektir, málsmeðferð, reikningsskil o. fl. fer eftir 3.—8. gr. laga nr. 16, 4. nóv. 1881.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Fredensborg, 4. desember 1916.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson,